

Fundur 11

Skólaráð Þjósárskóla

Fundur haldinn fimmtudaginn 11.okt. 2012 í Þjósárskóla kl. 12:30.

Mættir eru: Bolette Höeg Koch skólastjóri, Árdís Jónsdóttir og Bente Hansen fulltrúar kennara, Hrafnhildur Ágústsdóttir fulltrúi starfsmanna, Þóra Gylfadóttir og Ásmundur Lárusson fulltrúar foreldra. Sigurður A. Leifsson og Sigríður L. Jónasdóttir fulltrúar nemendur

Þetta var gert.

1. Starfsáætlun skólans 2012-2013

Farið yfir starfsáætlun, skólastjóri fór í gegnum plaggið, útskýrði ákv. atriði nánar, svaraði spurningum og fólk lagði orð í belg. Umræða varð um útileguna, Þóra stakk upp á að gera skoðunakönnun, spyrja hvort halda eigi áfram með hana. Ásmundur undraðist að við skulum nenna þessu. Samþykkt að gera könnun. Þá velti fólk fyrir sér hvort Dagur íslenskrar tungu geti verið tvöfaldur. Skíðaferð var rædd og vilji er til að halda henni inni, ekki síst hjá nemendum. Samþykkt að spyrja um það í könnuninni. Ásmundur taldi það ekki nauðsynlegt. Starfsáætlun samþykkt með þessi atriði í huga.

2. Almenni hluti skólanámskrár 2012-2013.

Skólastjóri rakti það plagg á svipaðan hátt og starfsáætlunina. Hún var síðan samþykkt.

3. Heilsueflandi skóli.

Bente er verkefnisstjóri og rakti það mál en tillaga hefur komið fram um að nú verði lögð áhersla á nemendur. Bente útskýrði það sérstaklega fulltrúum nemenda á fundinum.

Nemendur voru spenntari fyrir hreyfingu og öryggi og var samþykkt að taka það viðfangsefni í vetur.

4. Fulltrúi grenndarsamfélags.

Bolette og Bente stungu uppá Ara Einarssyni og var það samþykkt.

5. Fundartími í vetur.

Erfitt er að finna tíma sem öllum hentar en ákveðið að reyna klukkan fjögur.

6. Önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs og fundi slitið klukkan

7. Fundi slitið kl. . 13:30.

Bente Hansen

Ásmundur Lárusson

Þóra Gylfadóttir

Árdís Jónsdóttir

Bolette Höeg Koch

Hrafnhildur Ágústsdóttir

Sigríður Lára Jónasdóttir

Sigurður A. Leifsson